

Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 19. apríl 2021 kl. 8:20

Mættir: Anton Teitur, Rakel Ásta, Berglind Ýr, Stefanía, Íris Björg, Marteinn Bóas og Freyja Kolfinna. Á fundinn vantaði Ólaf Vigni og Hafþór Kára.

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- Sparkvöllur Heiðarskóla. Skólastjóri tilkynnti að svar hefði borist frá Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar vegna erindis Nemendafélagsins um hita undir sparkvöllinn. Einnig í vinnslu að skipta út svörtum kúlum á sparkvöllinum. Erindið var tekið fyrir á 324. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar 23.2.2021. Erindið fékk eftirfarandi afgreiðslu: "Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Mannvirkja- og framkvæmdanefndar." Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum af 7 í sveitarstjórn.
- Tilraunaverkefni 2020 – 2021. Farið yfir niðurstöður kannana meðal nemenda um tilraunaverkefnið sem lögð var fyrir í apríl 2021. Nemendafélagið sammála um að halda áfram með núverandi tímaskipulag.
- Smiðjur unglinga. Umræður, hefði mátt bjóða upp á meira úrval í seinni smiðju, annars hafa smiðjur verið skemmtilegar og gengið vel.
- Önnur mál, gengur bara vel það sem við höfum kvartað yfir og ekki fleiri önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:40